

Strætisvagnakaupin

# Ákvörðun eftir helgi

„Það verður tekin endanleg ákvörðun um vagnakaupin hjá okkur í stjórn Innkaupastofnunar Reykjavíkurborgar á fundi á mánudaginn kemur,“ sagði Eiríkur Tómasson formaður stjórnarinnar í

samtali við Þjóðviljann í gærkvöldi, en þá var nýlokið nærri fjögurra tíma fundi stjórnar innkaupastofnunar þar sem rætt var vítt og breitt um fyrirhuguð strætisvagnakaup.

Guðrún Agústs dóttir stjórnarformaður SVR vildi ekkert láta hafa eftir sér við Þjóðviljann varðandi fréttina í blaðinu í gær um 200 milljón króna minni útgjöld af árekstri Benz-vagna miðað við Volvo-vagnana sem vagnstjórar SVR hafa gert samþykkt um að keyptir verði. Þá sagði Eiríkur að áður nefndar reksturskostnaðartölur Benz og Volvo-vagnanna hefðu verið óformlega kynntar á fundinum og hefðu þær niðurstöðutölur ekki verið vefngdar af stjórnarmönnum.

Eiríkur Tómasson sagði að samþykkt vagnstjórnanna hefði verið rædd á fundi Innkaupastofnunarinnar í gær, en von væri á fleiri tillögum varðandi þessi mál, þar á meðal frá Sigurjóni Péturssyni og eins frá sjálfum sér. LG.

## Ekkert viðvörðunarkerfi í Mosfells-sveit

Viðvörðunarkerfi Almanna-varna Reykjavíkur var prófað á hádegi sl. laugardag, en slík flutun fer fram ársfjórðungslega.

20 flautur eru í Reykjavík og reyndust tvær þeirra bílaðar. Þá eru þrjár flautur í Kópavogi og ein á Seltjarnarnesi.

Misjafnlega mun hafa heyrst í viðvörðunarflokkunum í hinum ýmsu borgarhverfum. Rúnar Bjarnason slökkviliðsstjóri, formaður Almanna-varnanevndar Reykjavíkur, sagði í samtali við blaðið að ef til vill væri þörf á að bæta við flautum í ný borgarhverfi, t.d. Seljahverfið í Breiðholti. Flauturnar í Asparfelli eiga þó að ná töluvert út í Seljahverfið. Viðvörðunarkerfið nær ekki til Mosfellsveitar. Rúnar sagðist álíta að þéttbýliskjarninn þar ætti ekki síður rétt á viðvörðun en aðrir, en það væri hinsvegar á valdi Almanna-varnanevndar Mosfellsveitar hvort viðvörðunarkerfi yrði komið þar upp. — eös

## Skákkeppni stofnana

Skákkeppni stofnana og fyrirtækja 1980 hefst í A-riðli mánudag, 14. apríl kl. 20 og í B-riðli miðvikudag, 16. apríl kl. 20. Tefl verður í félagsheimili Taffélags Reykjavíkur að Grensásvegi 44-46.

Tefldar verða sjö umferðir eftir Monrad-kerfi. Umhugsunartími er ein klukkustund á skák fyrir hvorn keppanda. Hver sveit skal skipuð fjórum mönnum.

Sendi stofnun eða fyrirtæki fleiri en eina sveit, skal sterkasta sveitin nefnd A-sveit, næsta B-sveit o.s.frv.

## Foreldraráð Hvassaleitisskóla

# Mótmælir frestun smíði íþróttahúss

Nýlega kjörð foreldraráð Hvassaleitisskóla hefur sent fræðsluráði Reykjavíkur bréf þar sem eindregið er mótmælt þeirri ákvörðun ráðsins frá 3. mars sl. að fresta enn einu sinni framkvæmdum við smíði íþróttahúss skólans.

Bent er á, að Hvassaleitisskólinn hafi verið í smíðum í hartnær tvo áratugi og sé enn ófullgerður. Smíði íþróttahússins sjálfs hafi staðið yfir frá 1976, en nú líti út fyrir að henni verði ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi 1981. Öll þessi ár hafa nemendur þurft að sækja leikfímkennslu í nærliggjandi skólum, en til að komast þangað

er yfir umferðargötu að fara og þeir sem lengst eiga, geta verið alltaf hálf tíma á leiðinni.

Þá er í kjallara íþróttahússins gert ráð fyrir heilsugæslu- aðstöðu, sem engin hefur verið, þannig að þegar skólalæknir kemur til eftirlits þarf stundum að fella niður kennslu í einhverjum bekk til þess að rýma fyrir læknisskubuninni, segir foreldraráðið og beinir þeim tilmælum til Fræðsluráðsins, að það endurskoði afstöðu sína til þessa máls, og kanni, hvort ekki séu einhverjar leiðir til fjárflounar til skóla- byggingarinnar, sem enn hafa ekki verið reyndar. Foreldraráð-

id gerir sér ljósa þá miklu þörf, sem er fyrir áframhaldandi skólabyggingar í Breiðholti, en gagnrýnir hins vegar þá aðerð, að eins vandi sé leystur á kostnað annars.

Ef ekki sé möguleiki á að endurskoða enn einu sinni byggingaráætlun Hvassaleitisskóla, og standa við upphaflega ákvörðun um, að skólinn fái íþróttahúsið til afnota haustið 1980, segist foreldraráð treysta því, að Fræðsluráð gæti þess, að alls ekki verði gengið á þá sjóði, sem nú hafa verið hugsaðir til byggingar hússins, og þeir notaðir í önnur verkefni.

## Jan Mayen-viðræður á mánudag

Viðræðunefnd Íslands vegna væntanlegra viðræðna Íslendinga og Norðmanna varðandi Jan Mayen í Reykjavík dagana 14. og 15. þ.m. hefur verið skipuð og eiga þessir sæti í nefndinni:

Olafur Jóhannesson utanríkisráðherra formaður, Steingrímur Hermannsson sjávarútvegsráðherra, Matthías Bjarnason alþingismaður, Ólafur R. Grímsson alþingismaður, Sighvatur Björgvinsson alþingismaður, Hans G. Andersen þjóðréttarfræðingur, Páll Asg. Tryggvason sendiherra, Jón Arnalds ráðuneytisstjóri, Ólafur Egilsson sendifulltrúi ritari, Guðmundur Eiríksson deildarstjóri, Már Elísson fiskimálastjóri, Gunnar G. Schram prófessor, Jakob Jakobsson fiskifræðingur, Björn Ó. Þorfinnsson fulltrúi sjómanna, Kristján Ragnarsson fulltrúi útvegsmanna.

Viðræðurnar munu hefjast á mánudagsmorgun og fara fram í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu.

## Fjórir varaþingmenn taka sæti á Alþingi

Fjórir varaþingmenn tóku sæti á Alþingi í gær. Þeir eru:

Sveinn Jónsson sem er fyrsti varaþingmaður Alþýðubandalagsins í Austurlandskjördæmi tekur sæti á Alþingi í forföllum Helga Seljan sem er fjarverandi af heilsufarsástæðum. Sveinn hefur ekki setið áður á Alþingi.

Siggeir Björnsson bóndi tekur sæti á Alþingi í forföllum Eggerts Haukdal sem verður fjarverandi vegna sérstakra anna. Siggeir hefur ekki setið áður á Alþingi.

Guðmundur Gíslason kaupfélagsstjóri tekur sæti í stað Tómasar Arnasonar viðskiptaráðherra sem er erlendis í sérstökum erindagjörðum. Guðmundur hefur ekki setið áður á Alþingi.

Ellert B. Schram ritstjóri Visis sem er annar varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík tekur sæti á Alþingi í stað Geirs Hallgrímssonar sem er erlendis. Ragnhildur Helgadóttir sem er fyrsti varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík er á sjúkrahúsi og getur því ekki tekið sæti Geirs. Ellert hefur eins og kunnugt er setið áður á Alþingi en náði ekki kjöri við síðustu kosningar. — þm

## BSRB:

## Samninga-fundur á þriðjudag

A fundum hingað til hefur fyrst og fremst verið rætt um vinnubrögð í sambandi við samningagerðina en nú hafa báðið aðilar komið sér saman um að hefja samninga um aðra þætti kröfugerðarinnar heldur en launastigana og verður fyrsti fundur á þriðjudag, sagði Baldur Kristjánsson hjá BSRB í samtali við Þjóðviljann, en í gær var þriggja tíma fundur samninganefnda BSRB og ríkisins. Það var Vilhjálmur Hjálmarsson sátta-semjari sem stjórnaði fundinum. — GFR

# Vefjarlist á Kjarvalsstöðum

## Sýningin „Norræn vefjarlist II“ hefst á laugardaginn

SÝNINGIN NORRÆN VEFJARLIST II verður opnuð að Kjarvalsstöðum á laugardaginn kemur. Þetta er í annað sinn sem slík sýning er sett upp hér á landi; fyrri sýningin var einnig að Kjarvalsstöðum fyrir þremur árum, í janúar og febrúar 1977.

Sýningin er ávöxtur samstarfs vefara og textilhönnuða á Norðurlöndunum. Arið 1974 kom saman vinnuhópur veflistarmanna í Danmörku til þess að leggja drög að umfangsmikilli sýningu sem gæfi hugmynd um það sem væri að gerast í vefjarlist á Norðurlöndum. Áður höfðu veflistarmenn haldið sjálfstæðar sýningar í heimalöndum sínum við góðan orðstír, og einstaka vefarar

tekið þátt í samsýningum annarra myndlistarmanna, ennfremur höfðu norrænir vefarar oft vakið athygli á alþjóðlegum vefjarlistsýningum, — en nú skyldi með sameiginlegu átaki vinna vefjarlistinni fastari sess í vitund fólks sem sjálfstæðri listgrein. Og árangurinn lét ekki á sér standa. Eftir mikla undirbúningsvinnu var fyrsta Norræna vefjarlistsýningin opnuð í Listasafninu í Alaborg 1976, sem síðan fór um öll Norðurlönd og hlaut hvarvetna geysimikla ástókn og mjög lofsamlega dóma gesta og gagnrýnenda.

Í upphafi var ákveðið að stefna að því að koma upp slíkri

sýningu þriðja hvert ár, og var önnur sýningin opnuð í Röhsska listnaðarsafninu í Gautaborg í fyrra sumar. Þá var sá háttur hafður á að skipuð var dómnefnd í hverju landi, sem valdi síðan verkin á sýninguna. Í Íslensku dómnefndinni voru Hrafnhildur Schram, Hörður Agústsson og Magnús Pálsson. Alls bárust 29 íslensk verk og voru 8 af þeim valin til sýningar. Sýningin hefur nú farið um öll Norðurlöndin, og lýkur ferðinni hér á Kjarvalsstöðum. Á sýningunni eru 93 listaverk eftir 87 listamenn frá öllum Norðurlöndunum, að Færeyjum ekki undanskildum. Sýningin fyllir báða sali Kjarvalsstaða og alla ganga, og þar kennir margra grasa, þá m. myndvefnaður, textílpýkk, batik,

isaumur, ryavefnaður, ofin skúlptúr og ýmis blönduð tækni. Fjöldi sjóða og stofnana styrkir sýninguna, þar á meðal menntaráðarabúneyti allra Norðurlandanna, — en stærsti styrkurinn kom frá Norræna menningarsjóðnum, 200.000,- d.kr. eða rúmar 14 milljónir ísl. kr. Kjarvalsstaðir hýsa sýninguna og greiða fyrir henni á ýmsan hátt, en undirbúning allan og uppsetningu hafa annast þær Asgerður Búadóttir, Ásrún Kristjánsdóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Ragna Róbertsdóttir og Þorbjörg Þórbardóttir. Aðstoðarmenn þeirra voru Guðmundur Benediktsson og Stefán Halldórsson. Sýningin verður opnuð kl. 14.00 laugardaginn 12. apríl og verður opin til 4. maí.